

Gossaga Grímsvatna 1900–1983 í stuttu máli

Haukur Jóhannesson

Icelandic Museum of Natural History, P. O. Box 5320, Reykjavík, Iceland

Eldgosið í Grímsvötnum, sem stóð frá 28. eða 29. maí til 1. eða 2. júní 1983, kom flestum á óvart og hefur strax breytt hugmyndum margra jarðfræðinga um Grímsvötn og á ef til vill eftir að marka djúp spor í sögu jarðeldarannsóknna á Íslandi, líkt og Kröflueldarnir. Nú í vetur leið, hef ég verið að kanna heimildir um lítt þekkt gos, sem varð skammt norðan Grímsvatna síðla árs 1933 og því kom síðasta gos eins og sending af himnum ofan.

Sigurður Þórarinnsson (1974) gerði ítarlega grein fyrir sögu Skeiðarárhlaupa og Grímsvatnagosa. Hann var ákaflega varkár í túlkun heimilda, en í ljósi nýjustu atburða er full ástæða til að endurskoða eldgosasögu Grímsvatna. Í rauninni er þörf á að fara í gegnum allar heimildir á ný, því nú má telja víst, að umbrotin í Grímsvötnum hagi sér svipað og umbrotin í Kröflu, þ. e. eldgosin komi í hrinum og að sum gos geti verið það lítil, að þau brjótist ekki upp um ísþekjuna. Hér verður að mestu stuðst við bók *Sigurðar Þórarinnssonar*, *Vötnin Stríð*, þar sem enn hefur ekki gefist tími til að kanna heimildir.

1900–1910. Á þessum tíma er greint frá eldi og öskufalli nokkrum sinnum en aðeins í tvö skipti eru heimildir það traustar og glöggar að ályktanir verði af dregnar um legu gosstöðva.

a. *1902–04.* Í árslok 1902 urðu menn á Norðurlandi varir við eld í Vatnajökli og hlaup kom í Skjálfandaflljót og Jökulsá á Fjöllum. Í lok maí og í upphafi júní 1903 urðu svo aftur mikil umbrot í Vatnajökli. Þá kom eitt mesta Skeiðarárhlaup, sem komið hefur nú síðustu 100–150 árin. Hlaupið stóð dagana 26.–30. maí og goss varð vart 28. maí eða um það bil er hlaupið var í hámarki. Eldgos eða eldgosu varð síðan vart öðru hvoru allt sumarið og síðast laust fyrir miðjan jan. 1904. Allnokkurt öskufall fylgdi gosinu. Talið hefur verið fullvíst að aðeins hafi gosið austan til í Þórðarhyrnu en þar sáust eldar vaka mest allan tímann. Þegar litið er á miðin sem þekkt eru á eldana, þá er augljóst, að aðalgosið hefur að líkindum verið í Grímsvötnum og norðaustur af þeim, en einna sterkustu rökinn fyrir því eru þó, að þá „komu svo mikil hlaup í Jökulsá á Fjöllum og Skjálfandaflljót að

fádæmum sætti“. Gos í Grímsvatnaeldstöðinni geta valdið hlaupum í þessum ám. Þetta mun vera mesta Grímsvatnagos á þessari öld.

b. *1910.* Um sumarið og haustið gaus einhvers staðar vestarlega í Vatnajökli, líklega í Síðujökli en því miður er aðeins eitt mið til á eldinn og verður hann því ekki staðsettur með neinni vissu. Þetta gos verður því ekki í bili a. m. k. talið með eiginlegum Grímsvatnagosum.

1913. Um miðjan apríl kom stórhlaup í Skeiðará en ekki er getið um eldgos; þess ber þó að geta að um sama leyti gaus við Heklu en það gos vakti mikla athygli á þeim tíma og dró athyglina frá hlaupinu.

1922. Mikið hlaup í Skeiðará 22. sept. til 6. okt. og eldgos hófst í Grímsvötnum þ. 29. sept. eða nokkru áður en hlaupið náði hámarki. *Porkell Þorkelsson* (1923) safnaði skipulega upplýsingum um þessi umbrot og af þeim miðum, sem nú eru þekkt, virðist sem gosið hafi í suðvesturhorni Grímsvatna-öskjunnar. Gossins varð vart framundir mánaðarmótin okt.–nóv. og fylgdi því öskufall allmikið.

1933. Eldgos skammt norðaustur af Grímsvötnum og stóð það í um 10 daga um mánaðarmótin nóv.–des.; því fylgdi ekki hlaup (*Haukur Jóhannesson*, í undirbúningi). Þetta gos nefnir *Sigurður Þórarinnsson* ekki á nafn í bók sinni.

1934. Skeiðarárhlaup hófst um 23. mars og lauk 1. apríl og var stórt. Eldgoss varð fyrst vart að kvöldi 30. mars en þá um nóttina var hlaupið í hámarki. Ekki er með vissu vitað hvenær gosinu lauk en úr byggð sást það síðast 7. apríl, en umbrot voru nokkur þ. 13. apríl er Jóhannes Áskelsson kom þangað. Allnokkurt öskufall varð og hlaup kom í Jökulsá á Fjöllum.

1938. Stórhlaup í Skeiðará 23. maí til 8. júní og þá myndaðist stór sigketill norður af Grímsvötnum og mun vatn þaðan hafa hlaupið niður í Grímsvötn og bæst við það vatn, sem þar var fyrir. Vart þarf að efast um, að gosið hafi undir áður nefndu sigi en gosið þó ekki náð að brjótast upp í gegnum ísþekjuna – a. m. k. hefir ekki hlaupið þaðan síðan.

1939. Smáhlaup í Skeiðará í júlí og náði vöxturinn hámarki 15. þ. m. *Sigurður* telur, að tæming löna ofan við Skaftafellsfjöll hafi orsakað hlaupið,

en í dagblöðum má lesa, að fnykur hafi verið af hlaupvatninu og því mun það ekki stafa af tæmingu lóna. Þar sem svo stutt var um liðið, liðlega eitt ár, frá stórhlaupi, þá eru öll líkindi til að smágos undir jöklinum hafi orsakað hlaupið.

1941. Smáhlaup í Skeiðará í apríl og maí. Hlaupið var afar lengi að vaxa en náði hámarki 16. maí. Sig varð í Grímsvatnalægðinni. Um þetta gildir líklega það sama og hlaupið 1939; mjög stutt var umliðið frá síðasta hlaupi og því líklegt að eldumbrot hafi orsakað það.

1945. Hlaup í Skeiðará 16.–26. sept. og er það í hámarki þ. 25. sept. Allmikið sig í Grímsvatnalægðinni. Allangur aðdragandi var að þessum umbrotum. Smáhlaup kom í kvísl á miðjum Skeiðarárssandi um veturinn áður og um sumarið urðu menn varir við að „ólgaði og sauð á stóru svæði“ við suðurbarm lægðarinnar og að hjarnslétta Grímsvatnalægðarinnar hafi hækkað um eina 20 m á einu ári. Verksummerki eftir umbrotin voru mikil. Stór spilda hafði sigið um 70–80 m og vestan til í vötnunum var pyttur og allmikil öskudreif í kring (1. mynd). Sigurður Þórarinsson taldi þetta vera merki um gufusprengringu, en eftir síðustu umbrot má fullyrða að þar hafi orðið smágos.

1948. Jökulhlaup í Skeiðará. Áin fór að vaxa í febrúar en jökulfýla fannst allt frá ármótum. Hlaupið náði hámarki 23. febr. og fjaraði út seinna þann sama dag. Sléttan í Grímsvötnum mun hafa sigið um 20–30 m. Öskuryk, mógrátt, féll á skip undan Hvanney þ. 16. febrúar. Ekki verður með vissu fullyrt, að gosið hafi í Grímsvötnum en á milli hlaupa höfðu aðeins liðið ríflega tvö ár.

1954. Hlaup í Skeiðará hófst um 8. júlí, nær hámarki þ. 18. og lauk þ. 20. Íspekjan í Grímsvötnum lækkaði um 100 m og í suðvesturhorni öskjunnar myndadist pyttur og þar kom upp nokkuð af ösku, líkt og 1945 og aftur 1983. Telja má fullvíst, að gosið hafi þar upp í gegnum íshelluna.

Árin 1960, 1965, 1972, 1976 og 1981 komu hlaup í Skeiðará, en sögu þeirra hefi ég ekki kynnt mér. Á þessum tíma komu hlaupin óvenju reglulega, eða á 4–6 ára fresti og voru verulega minni en flest fyrri hlaupin.

1983. Gos í Grímsvötnum undir vestari Svíahnúk. Það hófst 28. eða 29. maí og lauk 1. eða 2. júní. Hlaup fylgdi ekki gosinu enda stutt um liðið frá síðasta hlaupi. Sum Grímsvatnagos hafa legið niðri um lengri eða skemmri tíma, t. d. 1902–04 og 1922 og því er í raun erfitt að spá fyrir um framhald þessa síðasta goss.

Af þeim gögnum, sem könnuð hafa verið má



1. mynd. Öskudreif í Grímsvötnum frá gosi í sept. 1945. Ljós. Egill Kristbjörnsson, 5. okt. 1945.

Fig. 1. Glacier covered by ash from the Grímsvötn eruption of September 1945.

telja fullvíst, að gosið hafi í Grímsvötnum eftirtalin ár: 1902–04, 1922, 1933, 1934, 1938, 1945, 1954 og 1983. Óvíst um eldgos, en þó líkleg 1939, 1941 og 1948. Ekki er vitað um eldgos 1913 og skýtur það nokkuð skökku við þar sem hlaupið var mikið. Eins og fyrr er getið, ber brýna nauðsyn til að kanna rækilega á ný allar heimildir er varða Grímsvatnagos og Skeiðarárhlaup, en það er ærin starfi.

HEIMILDIR

Haukur Jóhannesson (í undirbúningi): Grímsvatnagosíð 1933 og fleira frá því ári (fer í Jökul). *Sigurður Þórarinsson*, 1974: vötnin Stríð. Saga Skeiðarárhlaupa og Grímsvatnagosa. Menningsarsjóður, Reykjavík, 254 bls.

Porkell Þorkelsson, 1923: Eldgosin 1922. Tímarit Verkfræðingafélagsins. 8: 29–40.

A BRIEF REVIEW OF THE VOLCANIC ACTIVITY OF THE GRÍMSVÖTN VOLCANIC SYSTEM 1900–1983

Thórarinsson (1974) published a comprehensive study of the volcanic activity of the Grímsvötn region in Vatnajökull and the jökulhlaups (glacial bursts) of the river Skeiðará. He reports only two eruptions, in the years 1922 and 1934, respectively, and a probable eruption in 1938.

In this paper a preliminary review of the volcanic activity within the Grímsvötn volcanic system is presented. The review is mainly based on a reinterpretation of the data presented by Thorarinsson (1974). The results of the present study suggest eruptions in the following years, 1902–04, 1922, 1933, 1934, 1938, 1945, 1954 and the eruption in May–June 1983. Eruptions may have occurred in the following years but firm evidence does not exist: 1939, 1941 and 1948. The jökulhlaups of 1960, 1965, 1972, 1976 and 1981 have not been studied yet but they occurred regularly at 4–6 years interval.